

Gegnumgangandi þráður

● Verk eftir 37 listamenn má sjá á sýningunni Listþræðir í Listasafni Íslands ● Þráður kemur við sögu með einum eða öðrum hætti í verkunum ● Tilefni sýningarinnar aldarafmæli Ásgerðar Búadóttur

VIÐTAL

Helgi Snær Sigurðsson
helgisnaer@mbl.is



Sýningin *Listþræðir* verður opnuð í tveimur sölum efstu hæðar Listasafns Íslands á morgun, laugardag. Á henni má sjá 60 verk eftir 37 listamenn sem eiga það sameiginlegt að nota þráð með einum eða öðrum hætti í verkum sínum. Flest verkin eru komin á sinn stað þegar blaðamaður ber að garði og fjölbreytnin mikil. Að sögn sýningarstjórnanna, þeirra Hörpu Þórsdóttur og Dagnýjar Heiðdal, er tilefni sýningarinnar aldarafmæli Ásgerðar Búadóttur á þessu ári, en hún lést árið 2014, 93 ára að aldri. Verk eftir Ásgerði má sjá innan um önnur á sýningunni, tilkomin og tignarleg. Og verkin eftir listamennina 37 eru sannarlega af öllum toga, til dæmis eitt unnið úr rafmagnsvír og ljósaperu.

Um helmingur eign safnsins

„Útgangspunkturinn eru verkin í safneign Listasafns Íslands, um helmingur verkanna er úr okkar safneign og við völdum líka verk úr öðrum söfnum, frá einkaaðilum og nokkur verk frá listamönnum sjálfum. Við erum að láta verkin tala saman og oft kallast þau á við verk Ásgerðar,“ segir Dagný þar sem við göngum um sýninguna og bætir við að þetta sé verk frá sjötta áratugnum og fram til dagsins í dag.

„Ásgerður var brautryðjandi í textillist samtímans hér á landi og átti stóran þátt í að þessi listgrein á sinn sess í íslenskri listasögu. Þó að verk Ásgerðar séu öfin þá höfum við ekki einskorðað okkur við vefnað heldur lítum fyrst og fremst á efni- viðinn sem hún notaði eins og ull og hrosshár og bættum svo við verkum úr öðrum þráðum,“ útskýrir Harpa.

Oft að fást við það sama

–Út frá hverju hugsid þið upphengingu verkanna á sýningunni?

„Það kemur vonandi í ljós, þegar fólk fer að skoða,“ svarar Dagný. „Þetta eru fjölbreytt verk en það kemur samt fljótt í ljós að listamenn eru oft að fást við sömu lutina. Eins og í íslenskri myndlist almennt er náttúran mjög stór hluti, margir að fjalla um hana eða tengsl mannsins við hana.“

Það kom því af sjálfu sér að í öðrum salnum eru verk þar sem mikil er um náttúruna en svo er það líka maðurinn sjálfur, tilfinningar, draumar og þrjár og jafnvel mar-



Sýningarstjórn Harpa og Dagný við verk Hrafnhildar „Shoplifter“ Arnardóttur, „Hægra heilahvelið“.

Morgunblaðið/Kristinn Magnússon



Sauðalitir „Land sauðanna“ eftir Ragnheiði B. Þórsdóttur er unnið úr ull með svokallaðri röggvarfeldstækni.

traðir. Annað þema tengist kvennabaráttunni á áttunda áratugnum sem helst í hendur við upphafsár textildeildarinnar við Myndlista- og handíðaskólann. Þú sérð herna nokkur slík verk,“ segir Dagný og bendir blaðamanni á verkin „Konur og menn“ eftir Sigrúnu Sverrisdóttur frá árinu 1976 og „Eldhús“ eftir Önnu Þóru Karlsdóttur frá 1978. Titlar lýsa því sem fyrir augu ber.

Líka karlar

Listamenn hafa notað þráðinn á margvíslegan hátt, bæði spunnir hann, litað, ofið og formað og í dag er mikil gróska í þráðlistinni, eins og bent er á í texta um sýninguna. Hafa yngri kynslóðir listamanna sýnt þræðinum áhuga og þá ekki bara konur heldur líka karlar, þeirra á meðal Loji Höskuldsson og á sýning-



Þræðir „Fífur í Galtalæk og útilegudót“, verk frá 2018 eftir Loji Höskuldsson. Blönduð tækni á Hessian-striga.

unni má sjá meðal annars sjá verk eftir Pétur Magnússon sem er ekki dæmigert fyrir hann heldur ofið í stafrænum vefstól. Sýnir það konu með barn á hestbaki og folald. Verkið er eflaust gott dæmi um „tilraunakenndar leiðir og uppbrot á viðteknum aðferðum textillistar“, svo vitnað sé aftur í sýningartexta. „Hann fær hugmynd og hugmyndin krefst þess að hann sé með veggteppi, kallar á

37 LISTAMENN

Listþræðir

Listamennirnir sem verk eiga á sýningunni eru Anna Lindal, Anna Þóra Karlsdóttir, Arna Óttarsdóttir, Auður Vésteinsdóttir, Ása Ólafsdóttir, Ásgerður Búadóttir, G. Erla – Guðrún Erla Geirsdóttir, Guðrún Gunnarsdóttir, Guðrún Marinósdóttir, Hildur Ásgeirsdóttir Jónsson, Hildur Bjarnadóttir, Hildur Hákonardóttir, Hólmfríður Árnadóttir, Hrafnhildur Arnardóttir – Shoplifter, Hrafnhildur Sigurðardóttir, Ingibjörg Styngerður Haraldsdóttir, Ingunn Fjóra Ingþórsdóttir, Ivar Valgarðsson, Jonna – Jónborg Sigurðardóttir, Kristinn G. Harðarson, Kristín Gunnlaugsdóttir, Kristín Jónsdóttir frá Munkaþverá, Lilý Erla Adamsdóttir, Loji Höskuldsson, Nína Gautadóttir, Oddný E. Magnúsdóttir, Ólöf Einarssdóttir, Pétur Magnússon, Ragna Róbertsdóttir, Ragnheiður Björk Þórsdóttir, Rósa Sigrún Jónsdóttir, Sigrún Sverrisdóttir, Sigurlaug Jóhannesdóttir, Vigdís Kristjánsdóttir, Þorbjörg Þórardóttir, Þór Vigfússon og Þórdís Alda Sigurðardóttir.

þráðinn,“ segir Dagný um þetta tiltekna verk.

Harpa nefnir að á sýningunni megi líka sjá verk listamanna eins og Hildur Bjarnadóttur sem marki ákveðin kaflaskipti. „Hún tengir hannyrðir við listrænt myndmál og þetta er eitt af þessum verkum sem hún gerði og vakti mikla athygli á sínum tíma,“ segir Harpa og bendir á samhverft, hringlaga verk sem er heklað og greinilegt að Hildur er framúrskarandi í þeirri list. Harpa segir þráðinn í raun aldrei slitna milli ólíkra kynslóða listamanna því ákveðin þróun og tilraunamennska hafi átt sér stað.

Vísad í Viktoriútímans

Eitt tilkomumesta verk sýningarinnar er eftir Hrafnhildi Arnardóttur - Shoplifter, unnið úr hári. Verkið er frá árinu 2005 og samsett úr ótalmörgum fléttum. Safnið keypti það nýverið. „Þetta tengist þessu gamla handverki,“ segir Dagný og að verkið heiti „The Right Brain“ eða „Hægra heilahvelið“. Verkið vísar í handverk Viktoriútímans, þegar fólk hafi byrjað að búa til minningargripir úr mannhári, blóm og myndir.

Dagný gengur að verki eftir Guðrúnu Marinósdóttur þar sem unnið er með hrosshár. Útkoman er allt önnur en kveikjan sú sama, útskýrir Dagný. Þannig liggur þráðurinn milli ólíkra listamanna og kynslóða.

Land sauðanna

Talið berst aftur að Ásgerði og Harpa segir aðdáunarvert að hún hafi hvergi kvikað í sinni listsköpun sem er mjög krefjandi. „Þessi sýning, *Listþræðir*, heðrar minningu hennar en við erum ekki að segja að Ásgerður hafi haft bein áhrif á þessa listamenn,“ bendir Harpa á. En líkt og Ásgerður búi listamennirnir sem eiga verk á sýningunni yfir mikilli færni og margir hverjir leiki þeir sér með vefnaðarhefðina. Ádeila kemur líka við sögu í nokkrum verkanna og má þar nefna „Land sauðanna“ eftir Ragnheiði Björk Þórsdóttur frá 2012, unnið úr ull í sauðalitunum og gert með röggvarfeldstækni. Í fjarlægð sést að myndefnið er Ísland og Dagný segir listakonuna hafa við gerð þess meðal annars verið að hugsa um hversu miklir sauðir við Íslendingar værum. Það var og.

Sýningin verður opnuð á morgun, laugardag, og lýkur 24. janúar 2021.

Skoðuðu úrvalið í netverslun isleifur.is

Þú finnur gæðin!

hansgrohe AXOR®

IOI ÍSLEIFUR JÓNSSON
Draghálsi 14 · 16 · Sími 4 12 12 00 · www.isleifur.is